Flétta til fortíðar

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

VEFLIST

Kristín Jónsdóttir. Opið daglega frá 10–18 til 12. mars. Aðgangur 300 kr.

FORTÍÐIN er ekki lokuð bók í augum núlistamanna, sem hafa menntað sig í skóla lífsins, því að til hennar sækja þeir ekki síður lífsmögn en stíla og strauma samtíðar. Þetta hefur viljað vefjast fyrir mörgum og þá helst skóluðu listafólki síðustu áratuga, og er hér myndlistin ekki ein á báti, því að stundum er eins og að ritlistin hafi byrjað eftir 1970! Að ýja að þessu er í takt við umræðu dagsins í listum á menningarsíðum dagblaða víða um heim, en er síður sérskoðun skrifanda né aðdróttanir úr lausu lofti!

Sumir af nafnkenndustu myndlistarmönnum nútímans eru með annan fótinn í fortíðinni í sögulegum skilningi, og má hér nefna þjóðverjann Anselm Kiefer, enn aðrir leita í tæknibrögð meistara fortíðarinnar svo sem Ítalinn Wainer Vaccari, en myndverk hans hafa vakið mikla athygli hin síðari ár.

Þetta er einfaldlega vegna þess, að við getum ekki svarið fortíðina af okkur og hún telst jafn stór hluti lífsins og nútíðin, vegna þess að án hennar væri nútíminn ekki til og því síður nokkuð líf á jörðu. Sá er skynjar ekki fortíðina skynjar ei heldur samtímann, hrynjandi og æðaslátt lífsins.

Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, telst í hópi þeirra listamanna, sem sækja til arfleifðar fortíðar um leið og hún hrærir upp í nútímanum. Jafnframt stendur hún með báða fæturna í íslenzkum jarðvegi, því að hún notar efni sem er hvað nærtækast í umhverfinu og er náttúrulegur hluti þess.

Margir íslenzkir listamenn hafa sótt til ullarinnar bæði sem sýnislegs veruleika eða sem hluta efnisáferðar og á ég þá við, að þeir hafi blandað liti sína eða litagrunn með ull til að ná vissri upphleyptri fyrirferð í myndverk sín. En Kristín hverfur mun lengra aftur í fortíðina og til einnar elstu aðferðar mannsins til að gera sér voðir og klæði, sem er þæfður ullarflóki. Jafnfram leitar hún aftur til fortíðar með því að skírskota til ritmálsins, sem hefur verið svo stór hluti af lífi þjóðarinnar frá upphafi byggðar og fram á daginn í dag.

En með því að tvinna þetta tvennt saman og færa í nútímabúning býr hún til margræða merkingu, eins konar myndrænt táknmál, sem hver og einn getur lesið í svo sem lyndiseinkunn hans og uppeldi býður honum. Trefjaglerið sem er afurð nútímans er svo alltaf nærri sköpunarferlinu bæði sem umbúðir utan um listaverkin og hluti þeirra. Hér skynjum við áhrif að utan, jafnfram því að



„TOKKATA“ 1994, ull, trefjagler, 135x90x60 sm.

yfir sumum verkanna er austrænn léttleiki, og þá reikar hugurinn einkum til Japan.

Sýning Kristínar að Kjarvalsstöðum er mikilvægur áfangi á ferli hennar og staðfestir að hún er kominn í hóp okkar athyglisverðustu myndlistarmanna. Henni er vel komið fyrir í miðrýminu þótt tómleikinn þar og hið þunga gólf vinni gegn þessum léttu og innilegu sköpunarverkum. Sýningarskráin, sem er í staðlaðri stærð er mun betur úr garði gerð en oftast áður og einkum á það við bandið. Þá er formáli Ólafs Gíslasonar faglegur og upplýsandi.

Bragi Ásgeirsson

Leikfélag Akureyrar

Óvæntri heimsókn að ljúka

SÍÐUSTU sýningar á Óvæntri heimsókn eftir J.B. Priestley, sem Leikfélag Akureyrar frumsýndi á jólum, verða á fimmtudags- og föstudagskvöld nk. Sýningin er í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar. Arnar Jónsson er gestur Leikfélagsins og fer með aðalhlutverkið, Goole, sem kominn er á heimili Birlingfjölskyldunnar til að rannsaka átakanlegt dauðsfall stúlku nokkurrar. Hann er þó ekki venjulegur rannsóknarlögreglumaður.

„Þetta margslungna leikverk Priesleys er ekki einungis þrunginn og spennandi sakamálaleikur sem heldur áhorfendum föngnum, heldur beinir hann einnig spjótum sínum að siðferði samfélagsins,“ segir í kynningu. Með önnur veigamikil hlutverk í Óvæntri heimsókn fara Þráinn Karlsson, Sunna Borg, Rósa Guðný Þórsdóttir, Sigurþór Albert Heimisson, Dofri Hermannsson og Bergljót Arnalds.

Minningarkvöld um Björn B. Björnsson

MINNINGARKVÖLD um Björn Braga Björnsson, hljóðupptökumann, verður haldið í kvöld, miðvikudaginn 22. febrúar, á Sólon Íslandus kl. 21.



Björn Bragi Björnsson

Á minningarkvöldinu verður tónlist, upplestur, leiklist o.fl. Þeir sem fram koma eru m.a. Hörður Torfason, Andrea Gylfadóttir, Borgardætur, Valdimar Flygenring.

RANNÍS

AUGLÝSING UM SKIPAN FAGRÁÐA OG ÚTFLUTNINGSNEFNDA HJÁ RANNSÓKNARRÁÐI ÍSLANDS

Lög um Rannsóknarráð Íslands nr. 61/1994 tóku gildi á sl. ári með sameiningu á Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins. Nýlega gekk Rannsóknarráð Íslands frá skipun í **fagráð** og **úthlutunarnefndir** á vegum ráðsins í samræmi við lögin.

Rannsóknarráð Íslands skipar tvær úthlutunarnefndir til eins árs í senn, eina fyrir **Vísindasjóð** og aðra fyrir **Tæknisjóð** og sitja 5 manns í hvorri nefnd. Hlutverk úthlutunarnefnda er að gera tillögur um styrkveitingar úr sjóðunum innan ramma ráðstöfunarfjár þeirra með hliðsjón af stefnu ráðsins.

Rannsóknarráð skipar fagráð til að fjalla um einstök svið vísinda og tækni og gefa faglegar umsagnir um styrkumsóknir til sjóðanna. Jafnframt er fagráðum ætlað að meta stöðuna á viðkomandi vísinda- og tæknisviði og vera Rannsóknarráði Íslands til aðstoðar við stefnumörkun og eflingu rannsóknastarfseminnar í landinu. Skipuð voru sex fagráð.

Eftirfarandi einstaklingar hafa verið skipaðir í útflutningsnefndir og fagráð

ÚTHLUTUNUNARNEFNDIR

Úthlutunarnefnd Vísindasjóðs

Dr. Þorsteinn Loftsson, lyfjafr, prófessor Háskóli Íslands (formaður)
Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, bókasafnsfr. próf., Háskóli Íslands
Dr. Jakob Ingvason, eðlisfr., próf. Háskóli Íslands
Dr. Loftur Guttormsson, sagnfr., próf. Kennaraháskóli Íslands
Dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfr., forstöðum. Jarðhitaskóla SÞ

Úthlutunarnefnd Tæknisjóðs

Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafr., frkvstj. Eimskipafél.Íslands (formaður)
Dr. Þorgeir Pálsson, flugvélaverkfr., flugmálastjóri
Dr. Bjarni Guðmundsson, fóðurfr., búvísindadeild á Hvanneyri
Dr. Pétur Reimarsson, efnaverkfr.. framkvæmdastjóri Árness hf.
Dr. Ágústa Guðmundsdóttir, matvælafr., dósent Háskóli Íslands

FAGRÁÐ

Hug- og félagsvísindi
Dr. Halldór Ármann Sigurðsson, málfr., próf. Háskóli Íslands (formaður)
Dr. Rúnar Vilhjálmsson, félagsfr., dósent Háskóli Íslands
Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, uppeldisfr., dósent Háskóli Íslands
Sigurður Snævarr, hagfræðingur Seðlabanka Íslands
Halldór J. Kristjánsson, lögfræðingur, iðnaðarráðuneyti
Dr. Anna Agnarsdóttir, sagnfr., dósent HÍ
Dr. Gunnar Kristjánsson, guðfr., sóknarprestur Reynivöllum

Heilbrigðis- og lífvísindi
Dr. Einar Stefánsson, próf. Háskóli Íslands yfirl. Landakotsspítala (formaður)
Dr. Jórunn Erla Eyfjörð, sameindalíffræðingur, Krabbameinsfélagið
Dr. Fjalar Kristjánsson, lyfjafræðingur, Delta hf.
Davíð Á. Gunnarsson, vélaverkfr., forstjóri Ríkisspítala
Dr. Ingileif Jónsdóttir, ónæmisfr., deildarstjóri Landspítala
Dr. Sigurður Guðmundsson, yfirlæknir Landspítala

Náttúruvísindi og umhverfisrannsóknir
Dr. Axel Björnsson, eðlis- og jarðeðlisfræðingur (formaður)
Dr. Trausti Jónsson, veðurfræðingur, Veðurstofunni
Dr. Eggert Briem, stærðfr. prófessor Háskóli Íslands
Dr. Þorsteinn Hannesson, eðlisefnafr. Íslenska járnblendifélagið
Dr. Borgþór Magnússon, plöntuvistfr. Rannsókanst.landbúnaðarins
Dr. Páll Hersteinsson, dýrafræðingur, fv. veiðistjóri
Jóhann Már Maríusson, byggingaverkfr. aðstoðar.forstj. Landsvirkjun

Iðnaðar og tæknirannsóknir
Dr. Þorsteinn I.Sigfússon, eðlisfr., prófessor Háskóli Íslands (formaður)
Davíð Lúðvíksson, vélaverkfr., forstöðum. Samtökum iðnaðarins
Gunnar Svavarsson, viðskiptafr., frkvstj. Hampiðjan hf.
Ingvar Kristinsson, vélaverkfr. forstöðumaður Iðntæknistofnun
Dr. Júlíus Sólnes, byggingaverkfr. prófessor Háskóli Íslands
Jónas Frímannsson, byggingaverkfr., tæknil. framkvstj. Ístak h.f.
Sigrún Pálsdóttir, vélaverkfr., Íslenska járnblendifélagið hf.

Nýting lífrænna auðlinda
Dr. Áslaug Helgadóttir, plöntuerfðafr. deildarstj. Rannsóknastofnun landbúnaðarins (formaður)
Dr. Jón V. Jónmundsson, búfjárfræðingur Búnaðarfélag Íslands
Dr. Ólafur Ástþórsson, líffræðingur Hafrannsóknastofnun
Jón Þórðarson, sjávarútvegsfræðingur, Háskólanum á Akureyri
Dr. Ragnar Árnason, hagfræðingur, prófessor Háskóli Íslands
Dr. Vigfús Jóhannsson, líffr. frkvstj.Laxeldisst. rík., Stofnfiskur hf.
Dr. Kristján Þórarinsson, stofnvistfræðingur, LÍÚ

Matvælavinnsla og matvælarannsóknir
Dr. Einar Matthíasson, matvælaverkfr., Mjólkursamsalan hf. (formaður)
Emilía Martinsdóttir, efnaverkfr. deildarstjóri Rannsóknast. fiskiðnaðarins
Dr. Snorri Þórisson, matvælafr. frkvstj. Rannsóknaþjón./Sýni hf.
Guðjón Þorkelsson, matvælafr., deildarstjóri Rannsóknast.landbúnaðarins
Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafr. deildarstj. Samtök iðnaðarins
Guðbrandur Sigurðsson, matvælafr., frkvstj. nýsköpunarsv. Ísl.sjávarafurðir
Magnús Magnússon, vélaverkfr. frkvstj. útgsv. Útgerðarfél.Akureyringa